



Fundargerð 293.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Miðvikudaginn 11. desember 2024 kl. 16.15 fór fram stjórnarfundur á skrifstofu HN við Fiskitanga.

Fundinn sátu: Inga Dís Sigurðardóttir formaður, Jóhann Gunnar Kristjánsson varaformaður, Axel Grettisson ritari, Ásrún Ýr Gestsdóttir, Andri Teitsson, Ólafur R. Ólafsson, Sverre Jakobsson og Pröstur Friðfinnsson.

Að auki var Pétur Ólafsson hafnastjóri á fundinum.

Fundargerðin var færð í tölvu og send til samþykktar með rafrænum hætti.

Dagskrá fundarins:

1. Staða Hafnasamlags Norðurlands

Rædd voru hafnarmál á breiðum grunni og framtíðarhorfur Hafnasamlags Norðurlands. Staðan er afar góð í dag og ýmis spennandi mál í gangi svo sem uppbygging á Torfunefssvæðinu og á Dysnesi. Þó eru ýmsar hættur í sjónmáli. Má þar helst nefna ákvarðanir stjórnvalda varðandi íþyngjandi skattheimtu á komur skemmtiferðaskipa. Bókanir sýna að komur skemmtiferðaskipa til hafna HN verða um 42 færri milli árána 2024 og 2025. Það er von stjórnar HN að stjórnvöld sjái að sér, og nýti þær hugmyndir sem lagðar hafa verið fram m.a. frá Cruise Iceland og mörgum fleirum varðandi nýtt innviðagjald, en það er að gjaldið verði innleitt í skrefum á næstu 3 til 4 árum. Með því móti munu stjórnvöld tryggja tekjustofn fyrir ríkissjóð til lengri tíma auk þess að verja byggðir landsins sem reiða sig á komur ferðamanna með skemmtiferðaskipum.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi var slitið kl. 17.45